

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjalds skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir eða sé ekki í samkeppni við samskonar innlenda vöru eða vörulíki.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 574/1994.

Gjaldtaka af tollskránum 0408.1100, 0408.1900, 0408.9100 og 0408.9900 skal þó ekki hefjast fyrr en 15. febrúar 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. janúar 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Sveinbjörn Eyjólfsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskránumera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vörulíðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulíð 1905.

Tollskránumer	kr/kg	Tollskránumer	kr/kg
1806.2009	55	1901.2019	5
1806.3101	59	1901.2022	42
1806.3109	59	1901.2029	55
1806.3202	55	1902.1100	13

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.3203	24	1905.2000	38
1806.3209	24	1905.3011	17
1806.9022	20	1905.3019	18
1806.9023	56	1905.3021	38
1806.9025	62	1905.3029	22
1806.9026	56	1905.3030	13
1806.9028	55	1905.4000	19
1806.9029	55	1905.9011	48
1901.2012	27	1905.9019	6
1901.2013	19	1905.9020	5
1901.2014	38	1905.9040	42
1901.2015	13	1905.9090	55
1901.2016	19	2103.9002	14
1901.2017	48	2104.1003	4
1901.2018	6	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. febrúar 1995 til 30. apríl 1995. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 536/1994.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1995.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.